

kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.
 Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
 Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. marz 1948.

Nr. 46/1946. **Skipaútgerð ríkisins**

(Hrl. Ólafur Þorgrímsson)

gegn

**Trolle & Rothe h/f f. h. eigenda og váttryggj-
 enda e/s Rolf Jarl, skips og farms**

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
 í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Póknun fyrir dráttaraðstoð.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. apríl 1946 að fengnu áfrýjunarleyfi 22. marz s. á. Krefst hann þess aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 739 868.98, en til vara, að dæmd fjárhæð verði hækkuð eftir mati dómsins. Svo krefst hann og 6% ársvaxta af dæmdri fjárhæð frá 14. maí 1943 til greiðsludags og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir bera að staðfesta hann, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 16. nóvember 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., hefur Pálmi Loftsson f. h. Skipaútgerðar ríkisins höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með

stefnu útgefinni 14. janúar 1944, gegn Carl Finsen f. h. Trolle & Rothe h/f vegna eigenda og váttryggjenda e/s Rolf Jarl, skips og farms, til greiðslu hjarglauna að fjárhæð kr. 739 868.98 með 6% ársvöxtum frá 14. maí 1943 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefnanda borin fram *varakrafa* um aðra lægri fjárhæð að mati dómsins með vöxtum og málskostnaði, sem fyrr var sagt.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* að stefnakrafan verði lækkuð að miklum mun og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Priðjudaginn 30. marz 1943 kl. 1.50 e. h. létti e/s Súðin, eign stefnanda, akkerum og sigldi út með Hrisey að vestanverðu, en sökum þess, að dimmur hriðarbylur skall á, var snúið við og lagst innan Hriseyjar kl. 3.25 e. h. Sama dag kl. 2.40 e. h. tilkynnti loftskeytamaður skipsins, að skip með kallmerkinu BLRX, sem siðar reyndist vera Rolf Jarl, skip stefndu, sendi út neyðarskeyti, þar sem það væri með brotið stýri og hætta væri á, að það ræki upp í Hrólfssker. Kl. 5.40 sama dag rofaði nokkuð til, og lagði Súðin þá af stað til þess að leita að hinu nauðstadda skipi og sást það kl. 6.18 e. h., er komið var skammt frá Hrisey. Var Súðinni siglt að skipinu og skipverjar spurðir, hvort þeir vildu fá hjálp, og var því svarað játandi. Var þá farið að reyna að koma dráttartaugum um borð í skipið, og var því verki lokið kl. 7.30 e. h. Af hálfu stefnanda er skýrt svo frá, að þá hafi verið haldið af stað, en kl. 7.48 hafi dráttartaugin slitnað. Þá hafi farið fram viðbúnaður til að koma annarri taug um borð í skipið og að því loknu hafi verið farið þétt að skipinu og skipverjar spurðir að því, hvort þeir vildu meiri hjálp, en þeir hafi hafnað henni, enda hafi v/b Narfi þá verið kominn í samband við hið nauðstadda skip, þ. e. verið búinn að taka við dráttartaug frá því. Hvarf Súðin síðan frá við svo búíð.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að með því að hefja drátt hins skipsins og að halda honum áfram í 18 mínútur, hafi Súðin breytt stefnu þess svo, að því stafaði síður hætta af því, hversu komið var um stýrisbúnað þess. Hefur stefnandi og bent í þessu sambandi á það, að samkvæmt óvæfengdu mati dómkvaddra manna námu verðmæti þau, er í hættu voru, samtals kr. 3 711.711.90. Stefndu hafa hins vegar haldið því fram og styðjast þar við samhljóða framburð skipverja á Rolf Jarl, að dráttartaugin hafi slitnað, þegar er átak kom á hana, og að stefna skipsins hafi ekki breytt að neinu leyti. Sannað er í málinu, að Rolf Jarl var í háska statt, en gegn framangreindum málsskýringum stefndu hefur stefnandi hins vegar ekki fært sönnur á staðhæfingu sína um gagnsemi tilraunarinnar, og er því ekki unnt að líta svo á, að hér hafi verið um að tefla björgun í merkingu siglingalaganna. Enn fremur hefur stefnandi rökstutt kröfur sínar með því, að á hafi verið kominn

lögmætur björgunarsamningur í þessu tilviki og hafi stjórnendur Rolf Jarl rofið hann með ólögmætum hætti, er þeir neituðu að þiggja frekari hjálp Súðarinnar. Af stefndu hálfu hefur því eindregið verið mótmælt, að skipverjar á Rolf Jarl hafi rofið þann samning, sem stefnandi greinir, og rökstutt mótmælin með því, að enginn um borð í Rolf Jarl hafi orðið var fyrirspurn skipverja á Súðinni um það, hvort óskað væri frekari aðstoðar, eða a. m. k. hafi henni aldrei verið hafnað. Af málavöxtum sé hins vegar ljóst, að allir skipverjar á Rolf Jarl hafi verið önnur kafnir við að tengja skipið við fyrrgreindan vélbát og hafi því verið eðlilegt og sjálf-sagt, að notuð væri tæki þau (linubysa), er Súðin hafði til umráða, til þess að endurnýja samband skipanna í stað orðaskipta.

Nokkrir skipverjar á Súðinni, þ. á. m. skipstjórinn, svo og tveir farþegar hafa komið fyrir dóm í máli þessu og í sjóferðaprófum vegna atviks þessa. Með vottorði þeirra verður eigi talið sannað, gegn eindregnum andmælum af hálfu stefndu, að slík orð hafi farið milli skipverja skipanna tveggja, að gefið hafi skipverjum Súðarinnar rétmæta ástæðu til þess að líta svo á, án frekari eftirgrenslana, að hjálp skips þeirra væri hafnað. Verður því ekki talið sannað, að samningur sá um björgunartilraun, sem á var komin, hafi verið rofin með háttsemi skipverja á Rolf Jarl, og verður *aðalkrafa* stefnanda því ekki tekin til greina.

Varakrafa stefnanda hefur nær eingöngu verið byggð á hinum sömu rökum sem aðalkrafa hans, en hins vegar þykir rétt að taka afstöðu til hennar á þann hátt, að metinn verði réttur hans til bóta fyrir þann kostnað, er hann hefur haft af tilraunum skips hans til hjálpar skipi stefnda.

Súðin kom fyrst á vettvang þeirra skipa, sem heyrði neyðarkall Rolf Jarl, og kom um borð dráttartaugum sem fyrr segir. Þótt ekki yrði af því, að Súðin bjargaði Rolf Jarl, eins og áður hefur verið lýst, þykir samkvæmt eðli málsins rétt, að stefndu bæti það tjón, sem Súðin varð fyrir í för sinni til hjálpar skipi þeirra. Með hliðsjón af því, sem upp er komið í málinu um verðmæti dráttartauga þeirra, sem ónýttust við björgunartilraunina, svo og annan kostnað af þessari ferð skipsins, þykja þær bætur hæfilega ákveðnar kr. 4 000.00.

Verða úrslit málsins því þau, að stefndu verða dæmdir til að greiða stefnanda kr. 4 000.00 með vöxtum, eins og krafizt var, enda er þar miðað við útgáfudag stefnu í fyrra máli um sama efni, en það mál var hafið sakir formgalla.

Að því er málskostnað varðar, skal þetta tekið fram: Hinn 13. apríl 1943 var lagt löghald á e/s Rolf Jarl til tryggingar dómkröfum stefnanda í máli þessu, og nam kostnaður af þeirri fíðetagerð kr. 3 388.80, er stefnandi hefur greitt. Er önnur trygging var sett í stað skipsins, fór fram löghaldslausn, og höfðu stefndu af báðum þessum fíðetagerðum kostnað, sem nam kr. 3 543.20. Með hliðsjón

af þessum atriðum, svo og öllum málavöxtum, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Í dóminum áttu sæti Einar Arnalds borgardómari, Þorsteinn hagstofustjóri Þorsteinsson og Jón Axel Pétursson hafnsögu-
maður.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndu, eigendur og váttryggjendur e/s Rolf Jarl, skips og farms, greiði stefnanda, Skipaútgærð ríkisins, kr. 4 000.00 með 6% ársvöxtum frá 14. maí 1943 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 6. apríl 1948.

Nr. 109/1947. Réttvísinn (Hrl. Theódór B. Lindal)
gegn

Ólafi Gunnari Grímssyni
og

Óskari Lúðvík Grímssyni
(Hrl. Magnús Thorlacius).

Nauðgun.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærðu, sem er réttilega lýst í héraðsdómi, varðar við hegningarlagagreinar þær, sem þar eru taldar, svo og, að því er Ólaf Gunnar Grímsson varðar, við 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og að því er Óskar Lúðvík Grímsson varðar við 1. mgr. sömu lagagreinar. Til þyngingar refsingar ákærðu ber að taka til greina, að þeir, sem eru atvinnubílstjórar og stúlkan A. B-dóttir hafði trúað fyrir því að aka sér heim til sín, fluttu hana á afvikinn stað utan við bæinn til þess að fremja þar glæpinn og vörnuðu henni með valdi að komast út úr bifreiðinni á leiðinni, sem hún gerði ítekaðar tilraunir til. Skildu þeir hana þar síðan eftir úti á viðavangi að afbrotinu frömdu, illa til reika. Með skírskotun til þessa, og þar sem telja verður, að ákærðu hafi komið sér saman um að vinna glæpinn, þykir refsing þeirra hvors um sig með hliðsjón af 3. tölulið og niðurlagsákvaði 70. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi 3 ár.